

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Sandgerðisbæjar nr. 813/2013.

1. gr.

B-liður 47. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta (eða öðrum) fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Hafnaráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið fer með málefni Sandgerðishafnar skv. 10. gr. hafnalaga nr. 61/2003.
2. *Fræðsluráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr. laga um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla nr. 75/1985, skv. 8. gr. bókasafnslaga nr. 150/2012 og skv. 4. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008.
3. *Húsnæðis-, skipulags- og byggingarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, skv. 7. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010, samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og skv. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
4. *Fjölskyldu- og velferðarnefnd*. Þrír menn og jafnmargir til vara í sameiginlega 7 manna nefnd Sandgerðisbæjar, Sveitarfélagsins Garðs og Sveitarfélagsins Voga skv. III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002 og 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
5. *Umhverfisráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði umhverfismála á vegum bæjarfélagsins hverju sinni, ennfremur fer ráðið með verkefni gróðurverndarnefndar skv. 19. gr. laga um landgræðslu nr. 17/1965 og verkefni náttúruverndarnefndar skv. 10. gr. laga um náttúruvernd nr. 93/1996.
6. *Atvinnu-, ferða- og menningarráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu á sviði atvinnu-, ferða- og menningarmála á vegum bæjarfélagsins hverju sinni.
7. *Fristunda-, forvarna- og jafnréttisráð*. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið annast þau störf sem bæjarstjórn felur ráðinu og snertir íþróttamál á vegum bæjarfélagsins, tengsl við íþróttahreyfinguna, tómsundastörf á vegum bæjarfélagsins hverju sinni, forvarnarmál og jafnréttismál til samræmis við 12. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008.
8. *Kjörstjórn við bæjarstjórnar- og alþingiskosningar*. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna nr. 5/1998 og 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000.
9. *Bílastæðasjóður*. Stjórn sjóðsins er skipuð 3 fulltrúum, sbr. 1. gr. samþykta um Bílastæðasjóð frá 11. apríl 2013.

2. gr.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 14. júlí 2014.

F. h. r.

Hermann Sæmundsson.

Stefanía Traustadóttir.